

## Minnisblað vegna skólaaksturs úr Innbænum

Erindi hefur borist frá foreldri barns í Innbænum með ósk um að ákvörðun um að hætta skólaakstri úr Innbænum verði endurskoðuð.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 var kostnaður vegna skólaaksturs úr Innbænum felldur út og ráðgert að hætta akstri frá og með hausti 2020. Í reglum um skólaakstur á Akureyri (samþ. í skólanefnd 23.1.2012) segir í 1. lið:

*Rétt á skólaakstri (í og úr skóla) eiga þeir nemendur sem eiga heima í lengri fjarlægð en 1,5 km frá skólalóð þess skóla sem næst er. Þetta á þó ekki við um innbæinn fyrir nemendur í 1. – 5. bekk á meðan ekki er örugg gönguleið í Brekkuskóla og Naustaskóla.*

Jafnframt segir í 4. lið:

*Skólaakstur fer fram með þrennum hætti.*

- *Með sérstökum skólabílum.*
- *Með almenningsvögnum.*
- *Einnig er heimilt að semja um greiðslur til foreldra fyrir eigin akstur, þegar um lengri vegalengdir er að ræða, utan almenningsgöngukerfis sveitarfélagsins.*

Frá því að þessar reglur voru samþykktar er komin gangstétt meðfram Spítalavegi og því komin örugg gönguleið úr Innbænum. Þá er strætó farinn að ganga á þeim tímum sem henta grunnskólabörnum sem búsett eru í Innbænum og ganga annaðhvort í Naustaskóla eða Brekkuskóla. Því var litið þannig á að skólaakstur væri til staðar og greið gönguleið komin og því ekki forsendur fyrir því að halda úti sérstökum skólaakstri.

Annmarkar eru á gönguleiðinni upp Spítalavegin ef mikill snjór er. Skv. upplýsingum frá framkvæmdadeild Akureyrarbæjar er ekki hægt að tryggja að sú leið verði sett í forgang við snjómokstur þar sem moka þarf öllum snjó í burtu af götunni því ekki hægt að ryðja honum til hliðar líkt og víða annarsstaðar. Einnig má nefna að milli Aðalstrætis 1 og Hafnarstrætis 19 liggur göngustígur upp á Spítalaveg. Ef hann er farinn þá þurfa börn ekki að ganga um Spítalaveg fyrr en til móts við hús nr. 15. Sama máli gegnir þar að ekki er hægt að koma við moksturstækjum með góðu móti og stígurinn er ekki upp lýstur.

Aðrar upplýsingar sem tengjast málinu:

- Kostnaður við skólaakstur úr Innbænum fyrir heilt skólaár er kr. 987.840.
- Fjöldi barna sem býr sunnan Kaupangsstrætis er 34. Þar af búa 30 börn sunnar en Samkomuhúsið.
- Í 1. bekk eru 4 börn, 4 börn í 2. bekk, 6 börn í 3. bekk og 3 börn í 4. bekk.
- Huga þarf að því að lýsa upp gangbrautina á gatnamótum Spítalavegar og Eyrarlandsvegar fyrir neðan Lystigarðinn. UMSA er með það mál til meðferðar.
- Öll gönguleiðin úr Innbænum er á svæði þar sem hámarkshraði er 30 km.
- Skv. kortasjónni hafa engin slys orðið á gangandi vegfarendum á þessu svæði frá árinu 2009.